



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun
Kjarvalsstofu
Borgarfirði eystra
22. júní 2002**

Kæru Borgfirðingar
Austfirðingar og
aðrir góðir gestir

Ævintýrið um íslenska þjóð er litrík saga um lífsstríð bænda og sjómanna sem um aldir bjuggu við erlenda áþján, fátækt og baráttu fyrir daglegu brauði, en höfðu samt djörfung til að sækja fram til sjálfstæðis og leggja trausta hornsteina velmegunar og framfara sem við nú njótum.

Þjóðernisvitund og ættjarðarást fyrri alda átti djúpar rætur í sagnaarfi, ljóðum og sögum sem skáldin ortu og skráðu þegar sjálfstæðisbaráttan var drifkraftur umræðna og athafnalífs. Fjöll og fossar voru yrkisefnin, Öxar við ána og Heklutindur, Skjaldbreiður og Dettifoss breyttust í ljóðmál sem snertu strengi í brjóstum Íslendinga.

Úr þessum jarðvegi óx Jóhannes Kjarval, naut samvista við ábúendur og sjósóknara á heimaslóðum, fékk ástina á landinu í vöggugjöf ásamt þeirri náðargáfu að lesa litina öðrum augum en allir aðrir, skynja hljómkviðuna í fjöllum og firði, samspil hins græna og gráa, brúna og bláa, hvíta og svarta sem gaf umhverfinu einstæðan blæ hvert sem augað eygði.

Líkt og Jónas og Jón Sigurðsson héldu til Hafnar hundrað árum áður og veittu svo þjóðinni nýjan kjark með verkum sínum, Fjölnir og Ný félagsrit hornsteinar þess sjálfstæðis sem þjóðin hlaut í fyllingu tímans, horfðu fáeinir ungir menn á fyrstu áratugum Heimastjórnar út í heim og sáu þar heillandi listaveröld sem gæti orðið þeim góður skóli, kennt þeim að beisla náðargáfu, skapa úr sínum heimanmundi listaverk sem væru ekki síður en ljóðin áður staðfesting á sjálfstæðum rétti fátækrar þjóðar.

Jóhannes Kjarval varð líkt og Jónas Hallgrímsson brautryðjandi íslenskrar menningar, litir hans líkt og ljóðstafir Jónasar efniviður í nýja sýn. Kjarval leiddi okkur inn í huliðsheima íslenskrar náttúru og skynjun okkar varð næmari, litríkari, skarpari, hraunmosinn ævintýraheimur, fjöllin álfakirkjur, birtan af öðrum heimi. Og svo voru það andlitin, karlar og konur, oft dregin einföldum dráttum en samt svo meitluð og skýr: íslenskt mannlíf varð ódauðleg list, bændur og sjóarar eilífir líkt og guðirnir í grískum hofum.

Jóhannes Kjarval gaf íslenskri þjóðarvitund nýja vídd og náttúra landsins varð að helgu musteri í verkum hans. Ýmsir hafa á það bent að sjálfsvitund okkar sem þjóðar sé æ meir tengd fegurð landsins, litrófinu sem náttúran færir okkur, víðerni öræfanna, bláma hafs og fjalla. Í þeirri þróun hefur Kjarval verið brautryðjandi; hann bar gæfu til að smíða heilli þjóð nýja hörpu.

Það er eðlilegt að spurt sé hvaðan kom honum þessi gáfa, hvar fékk hann veganestið sem entist honum ævina alla, hvaðan kom innblásturinn sem nærði hann sífellt?

Hér á Borgarfirði eystra eru sterkar vísbendingar. Við sjáum í formfegurð og litadýrð fjalla og fjarðar, leikandi og leitandi birtu frá morgunstund til sólarlags, að heimkynni Kjarvals eru undraveröld sem mótaði hann ungan og fylgdi honum ævina á enda. Hér voru bernskuslóðir, rætur hans og ættartengsl. Hér var hans fólk, hans fjörður – og kannski var allt sem hann skóp eins konar lofssöngur um túnið heima, dýrðina sem varð honum ljós heimsins.

Þegar ég kom hingað fyrir fáeinum árum þá veittuð þið, heimafolk og fjörðurinn ykkar, mér nýjan skilning á verkum Kjarvals. Hér var lykillinn að undraheimi sem oft birtist í verkum hans. Hér var Kjarval í senn svo nákominn og svo íslenskur en líka enn rismeiri í alþjóðlegum samanburði. Hann er mikill meistari á heimsvísu, heldur svo sannarlega sínu í samfélagi hinna stóru: Picasso, Monet, Miro svo nokkur nöfn séu nefnd – og fróðlegt að heyra mat erlends kunnáttufólks á stöðu hans í listsköpun tuttugustu aldar.

Við ræddum um það í heimsókn minni á sínum tíma að nauðsynlegt væri að skapa hér á Borgarfirði eystra áningarstað í minningu Kjarvals, gera uppruna hans að vegvísi á heimaslóð til að glæða og skerpa skilning okkar á verkum hans, gera öðrum kleift að koma hingað í píligrímsför og gefa gestum kost á því að fá nýja sýn á listaverkin.

Síðan eru liðin fáein ár en framtakssamir heimamenn hafa nú með fulltingi margra komið þessari hugmynd í verk og við erum hér saman komin til að opna Kjarvalsstofu á Borgarfirði eystra og ganga um slóðir

Kjarvals, nema staðar þar sem hann sat hér heima við trönur sínar og nema sífóníu náttúrunnar sem hann gaf eilíft líf á léreftinu.

Kjarvalsstofa verður áningarstaður öllum þeim sem vilja skilja íslenska menningu, listsköpun meistarara sem átti sér rætur í daglegu erfiði íslensks alþýðufólks en varð slíkur töframaður að hann breytti sjálfsvitund heillar þjóðar. Áhrifaríkur fulltrúi okkar í hofi heimslistarinnar.

Við höfum á undanförunum árum ákveðið að helga Skriðuklaustur minningunni um Gunnar Gunnarsson, Gljúfrastein minningunni um Halldór Laxness og nú stofuna hér í Borgarfirði eystra minningunni um Jóhannes Kjarval.

Gunnar, Halldór og Kjarval urðu íslenskri þjóð sönnun þess að við áttum ekki aðeins formlegan rétt til sjálfstæðis og fullveldis. Hin fámenna þjóð átti einnig erindi við heiminn allan. Menning hennar var ekki aðeins bundin fornum sögum, hún var einnig lifandi veruleiki, vettvangur nýsköpunar sem stóðst hinar ítrustu kröfur.

Á Skriðuklaustri, Gljúfrasteini og í Kjarvalsstofu hér eystra getum við um ókomin ár nálgast þessa meistarara máls og lita og öðlast um leið skilning á því að það eru umfram allt hinar íslensku rætur sem mestu skipta þegar tekist er á við ögrun heimsins, heimanfylgjan sem treystir sérstöðu á heimstorginu.

Kjarvalsstofa á Borgarfirði eystra er því ekki aðeins verðmæt fyrir heimamenn. Hún er mikil gjöf til íslenskrar þjóðar og ég færi öllum sem hér hafa að verki komið einlæg þakkir.

Ég fagna því sérstaklega að samvinna sé milli Kjarvalssafns í Reykjavík og stofunnar hér eystra því báðar stofnanirnar munu styrkjast við slíka nálægð. Það gefur hinu mikla safni í höfuðborginni nýtt gildi að geta nú vísað þúsundum sem þangað koma hingað heim á Borgarfjörðinn, sýnt þeim að í fámennri byggð milli fagurra fjalla geti þeir með hljómkviðu náttúrunnar í sálinni fundið töfralykil að einstæðum meistaraverkum.

Þannig munu Reykjavík og Borgarfjörður kallast á landshorna á milli, yfir jökulbreiður og eyðisanda og óhætt að segja hverjum sem er að þá fyrst geti þau hafið leitina að kjarnanum í verkum Kjarvals þegar þau hafa staðið hér þögul góða stund og horft á birtuna breyta fjalli og blómin og grösín stíga saman léttan dans.

Ég óska okkur öllum til hamingju með Kjarvalsstofu og þá starfsemi sem henni verður tengd um ókomin ár og vona að það frumkvæði sem þið

hafið sýnt verði öðrum hvatning til að gera menningararfinn að burðarási í öflugri byggðaðróun.

Með slíkum óskum og færandi þökk þjóðarinnar göngum við senn til þess verks að opna Kjarvlsstofu.